

Nd.

634. Nefndarálit

[181. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið var rætt á nokkrum fundum, og klotnaði nefndin um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn hefur fallið á hækkun persónufrádráttar um 40% frá gildandi lögum, þannig að hann verður 35000 kr. hjá einstaklingum og 45000 kr. hjá hjónum. Þrátt fyrir þessa breytingu telur undirritaður, að persónufrádrátturinn sé allt of lágur og þannig seilt til útsvarsálagningar á tekjur, sem eru langt neðan við það að geta kallast lágmarks þurftartekjur.

Veigamesta breytingin, sem meiri hlutinn hefur fallið á, er hækkun frádráttar fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs úr 5000 kr. í 10000 kr., eða um 100%. Léttir þetta útsvarsbyrði barnafjölskyldna verulega, og ber að fagna því.

Þá hefur meiri hlutinn enn fremur fallið á, að í kaupstöðum skuli útsvör 1500 kr. og lægri falla niður.

Allar þessar breytingartillögur eru til bóta, svo langt sem þær ná, og mun minni hlutinn greiða þeim atkvæði.

En þrátt fyrir þær leggjast útsvarsbyrðarnar of þungt á lágtekjur og miðlungstekjur, og leyfi ég mér því að bera fram við frumvarpið svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Á undan 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (1. gr.) 10. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald skal vera sem hér segir:

a. ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.

b. 1% af rekstri verzlunarskipa og af fiskiðnaði.

c. 1½% af hvers konar iðnaðarrekestri öðrum.

d. 2% af öðrum atvinnurekstri.

b. (2. gr.) 17. gr. laganna orðist svo:

Landsútsvör greiða:

Fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls, svo sem olíufélög, skipafélög, bankar, tryggingafélög, heilidsölufyrirtæki, þar með

Samband ísl. samvinnufélaga, útflutningssamtök, verzlunarstofnanir ríkisins, þar með talin Sölunefnd varnarliðseigna, einnig Síldarverksmiðjur ríkisins, Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðja ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, svo og þau fyrirtæki önnur, sem félagsmálaráðuneytið úrskurðar, að samkvæmt eðli málsins falli undir þessi ákvæði.

- c. (3. gr.) 18. gr. laganna orðist svo:  
Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:
  - a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja samkvæmt 17. gr.
  - b. 2% af heildarsölu annarra stofnana og fyrirtækja, sem landsútsvör skulu greiða skv. 17. gr.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
Eftir bókstafslíð k í 3. gr. laganna komi nýr liður, l, svo hljóðandi:  
Verkafólki, sem vinnur við hvers konar fiskiðnað, og hafnarverkamönnum skal veittur sérstakur frádráttur, 700 krónur fyrir hverja viku, sem þeir vinna að viðkomandi störfum, enda hafi þeir unnið þau störf ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.  
Nánari reglur um skattfríðindi þessi skulu settar með reglugerð, ef þurfa þykir.
3. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
31. gr. laganna orðist svo:  
Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign skv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.  
Frá hreinum tekjum gjaldanda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er á þær lagt samkv. 32. gr.:  
Fyrir einstaklinga 50000 kr.  
Fyrir hjón 70000 kr.  
Fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda 10000 kr.  
Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.  
Nú hefur gjaldandi greitt helming útsvars sins eða meir fyrir áramót, og ber þá að draga þann hluta útsvarsins frá hreinum tekjum.
4. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Upphaf 32. gr. laganna, að B-lið, skal orðast þannig:  
Útsvör skulu vera sem hér segir:
  - A. Af útsvarsskyldum tekjum skv. 31. gr. greiða:
    1. Einstaklingar og hjón:  
Af fyrstu 20000 kr. 5%.  
Af 20000—30000 kr. greiðast 1000 af 20000 kr. og 10% af afganginum.  
Af 30000—40000 kr. greiðast 2000 af 30000 kr. og 15% af afganginum.  
Af 40000—50000 kr. greiðast 3500 kr. af 40000 kr. og 20% af afganginum.  
Af 50000—60000 kr. greiðast 5500 kr. af 50000 og 25% af afganginum.  
Af 60000 kr. og þar yfir greiðast 8000 kr. af 60000 kr. og 30% af afgangi.
5. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
Síðasti málsliður 34. gr. laganna orðist svo:  
Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 10 hundraðshlutum.

Alþingi, 5. maí 1965.

Hannibal Valdimarsson.